

Nýir Tímar !

Baráttufólk um bætt lífskjör

Í tilefni þess að fyrir rúmum þremur árum þá fórum við, nokkrir atvinnubílstjórar á fund Geirs H Haarde þá fjármálaráðherra, til þess að mótmæla þungaskatti á stóra bíla hann tók vel í athugasemdir okkar og ætlaði að skoða málið.

En núna rúmum þremur árum seinna fórum við á fund Árna Mathiesen, núverandi fjármálaráðherra og hans manna. Okkur til skemmtunar sáum við Geir aftur en á mynd uppá vegg og hvað? Tóm blöð í nýjum stúlabókum, er þetta heilbrigð stjórnsýsla? Ekki einn punktur um fyrri fundi okkar þarna. Og hvað? Það á að skoða málið.

Svona framkoma er óásættanleg og ekki lítilli þjóð sæmandi. Á sama tíma og við reynum að ná eyrum forsætis og utanríkisráðherra sem eru jú yfirmenn þessarar stjórnar, eru þeir á því líkum ferðalögum að Sigmundur í mogganum sér sig knúinn til að bjóða þeim í opinbera heimsókn til föðurlandsins.

Hvað eru þau að gera? Geir út um allan heim að segja þeim sem nenna að hlusta að allt sé í góðu á Íslandi, reynandi að skrapa saman peninga til að bjarga bönkunum. Ingibjörg á fullu í kosningaslag til öryggisráðs Sameinuðu Þjóðanna. Hvað er að? Við erum með heimilislaust, pissublautt fólk á tröppum fjármálaráðuneytisins. Er fólk haldið raunveruleikaflóttu?

Er ekki kominn tími til að við förum að njóta ávaxtanna sem þjóð?
Er ekki kominn tími til að endurskoða og bæta kjör öryrkja og ellilífeyrisþega?
Ekki lifa þau af með lífeyrinn sinn eins og þeirra kjör eru í dag. Fækkum sendiráðum og hjálpum fólkinu í landinu.

Ríkisstjórnin er í afneitun.

Framkoman er óásættanleg.

Þessi ríkisstjórn er handónýt og ber að fara frá strax.

Erum við ekki að tala um **Nýja Tíma ?**